



6. fundur í aðalstjórn Aftureldingar þriðjudaginn 13. nóvember 2018

Haldinn á skrifstofu Aftureldingar að Varmá kl. 18:15

Mætt: Birna Kristín Jónsdóttir (BJ), Geirarður Long (GL), Kristrún Kristjánsdóttir (KK), Gunnar Guðjónsson (GG), Jón Júlíus Karlsson (JK) framkvæmdastjóri.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Samráðsvettvangur Mosfellsbæjar og Aftureldingar

Birna formaður kynnti væntanlegan fund á samráðsvettvangi Aftureldingar og Mosfellsbæjar sem fara átti fram daginn eftir. Rætt um hlutverk samráðsvettvangsins. Fram fór umræða um viðhald að Varmá og þau atriði sem setja átti í forgang. Mikil áhersla lögð á að aukin kraftur sé settur í viðhaldsmál á svæðinu.

2. Knattspyrnusvæði og klefar

Umræða fór fram um nýtingu á knattspyrnusvæði og að deildin ætti í erfiðleikum með að fá aðgang að klefum. Mikilvægt að bæta þar úr. Ekki megi koma fyrir að aðkomulið í elstu flokkum geti ekki farið í sturtu eftir kappleiki. Sú tillaga rædd um að óska eftir miðum í sundlaugina að Varmá eða Lágafellslaug séu klefar ekki lausir vegna íþróttastarfs að Varmá. Framkvæmdastjóra falið að taka málið áfram.

3. Gólf í íþróttasölum

Framkvæmdastjóri kynnti framvindu í málefnum uppsetningu á nýju gólfi í sal3. Aftureldingu falið að vinna verkið fyrir hönd Mosfellsbæjar. Samið hefur verið við Á. Óskarsson um framkvæmd. Verkið hefst 14. desember og verður lokið 13. janúar 2018. Ákveðið að setja dúk skv. þýskri hönnun. Framkvæmdastjóri Aftureldingar mun hafa yfirumsjón með verkinu í samráði við Á.Óskarsson og Mosfellsbæ. Stefnt að því að laga hurðarop inn í salinn í leiðinni. Hefja á vinnu við að velja gólfefni á sal1-2 á nýju ári.

4. Önnur mál

Önnur minni mál rædd stuttlega.

Fundi slitið kl 19.45
Jón Júlíus Karlsson
(sign).